

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 12. september 2013
Tilvísun: UST20130800118/bs


Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, Þykkvabæ og deiliskipulag iðnaðarlóðar. Umsögn

Vísað er til bréfs Rangárþings ytra dags. 22. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra sem felst í því að skilgreint er 1 ha iðnaðarsvæði á tveimur lóðum við þéttbýli í Þykkvabæ þar sem ráðgert er að reisa tvær vindmyllur sem framleiða munu samtals allt að 1,9 MW. Einnig er til umsagnar deiliskipulag sem tekur til um 2,9 ha svæðis. Innan þess verða afmarkaðar tvær 4.900 m² lóðir þar sem ráðgert er að reista tvær vindmyllur. Spennistöðvar verða við hvora vindmyllu og jarðstrengir lagðir frá þeim að Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar sem nýta mun hluta þeirrar orku sem vindmyllurnar framleiða.

Vindmyllurnar verða staðsettar á ræktuðu landi sem nýtt hefur verið sem tún og kartöflugarðar. Ekki er talið að vindmyllurnar muni hafa neikvæð áhrif á fugla. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif vindmylla séu sjónræn áhrif og þær geti haft neikvæð áhrif á landslag. Þær vindmyllur sem hér um ræðir verða reistar við þéttbýli og nýttar af verksmiðju sem þegar er til staðar. Hér verður því um viðbót við það þéttbýli sem fyrir er og þær verða hluti þeirra sjónrænu áhrifa sem slík byggð hefur í för með sér. Umhverfisstofnun telur að vindmyllur við þéttbýli í Þykkvabæ muni ekki hafa neikvæð áhrif á landslag eða sérstæðar jarðmyndanir. Að áliti Umhverfisstofnunar mun hvorki breyting á aðalskipulagi né umrætt deiliskipulag hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur